

Hvað eru svæði?

Síðast uppfært 11/09/2026 3:35 pm BST

Svæði í Noona HQ

Svæði eru dagatöl sem hægt er að bóka í stað starfsfólks. Þau henta vel þegar bókun á þjónustu krefst þess að ákveðið rými eða búnaður sé laus.


Algennt er að svæði séu t.d.

- Lyftur á bílaverkstæði
- Meðferðarherbergi á snyrtistofu
- Tæki eða annar bókanlegur búnaður

Svæði koma í veg fyrir að búnaður eða herbergi séu tvíbókuð.

Hvernig stofna ég svæði?

Til þess að stofna svæði byrjar þú á því að fara í **Valmyndina** -> **Svæði** -> **Búa til svæði**.



Þegar svæði hefur verið stofnað þá birtist það sem dagatal í kerfinu.

Allir starfsmenn ▾

Starfsmenn

Allir starfsmenn ✓

Birna (ég)

Tinna

Svæði

Herbergi 1

Starfsmenn og svæði

Allar einingar

Hvernig tengi ég þjónustu við svæði?

Til að hægt sé að bóka þjónustu á svæðið þarf að skilgreina hvaða þjónustur eiga að vera bókanlegar á það.

Það er gert með því að fara í **Valmyndina** -> **Þjónustur** -> smellir á tiltekna **þjónustu** -> **Netbeiðnir** og undir **netbeiðna stillingar** hakar þú í "**þjónusta þarf svæði**" og velur viðeigandi svæði.

Netbeiðna stillingar

Þjónusta þarf starfsmann ? ☒

Starfsmenn Allt valið >

Viðskiptavinur velur starfsmann ? ☒

Þjónusta þarf svæði ? ☒

Svæði Allt valið >

Viðskiptavinur velur svæði ? ☐



Í netbeiðna stillingunum er einmitt hægt að stilla hvort þjónustan þurfi bæði starfsmann og svæði eða bara annað hvort.

Ef þú ert með einhverjar spurningar ekki hika við að hafa samband í gegnum spjallbúbbbluna. Hlökkum til að heyra frá þér! 📧